

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

(Eftir 2. umr., 12. des.)

1. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr., svohljóðandi:

Nú er starfsleyfi aðila sem gert hefur aðildarsamning um eignarskráningu skv. 1. mgr. afturkallað, bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta eða hann óskar eftir heimild til greiðslu-
stöðvunar eða til að leita nauðasamnings og fellur aðildarsamningurinn við það þá þegar úr
gildi, svo og réttur til þess að hafa milligöngu um eignarskráningar í verðbréfamiðstöð. Verð-
bréfamiðstöð skal annast eignarskráningar frá þeim tíma sem samningur fellur úr gildi nema
um annað hafi sérstaklega verið samið. Eigi síðar en fjórum mánuðum frá því að verðbréfa-
miðstöð tekur við eignarskráningu samkvæmt ákvæði þessarar málsgreinar skal hún hafa
tryggt að rafréf og eignarréttindi yfir því hafi verið færð í umsjón annarrar reikningsstofn-
unar sem gert hefur aðildarsamning við verðbréfamiðstöðina. Fjármálaeftirlitinu er heimilt
að setja nánari reglur um aðferð og framkvæmd við slit aðildarsamnings og færslu gagna skv.
1. og 3. másl. þessarar málsgreinar.

2. gr.

Í stað lokamálsliðar 13. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Rafréf í
sama verðbréfaflokki sem tekinn hefur verið til eignarskráningar í verðbréfamiðstöð er
heimilt að skrá í fleiri en einni verðbréfamiðstöð, enda sé tryggt að aðeins sé hægt að skrá
réttindi yfir hverju einstöku rafréfi í einni verðbréfamiðstöð. Sama gildir um verðbréfaflokk
sem hefur verið tekinn til eignarskráningar í erlendri verðbréfamiðstöð.

3. gr.

2. mgr. 15. gr. laganna orðast svo:

Skipa skal samráðsnefnd verðbréfamiðstöðva, kauphalla og Seðlabanka Íslands. Seðla-
banki Íslands skipar einn fulltrúa í nefndina, verðbréfamiðstöðvar sem hlotið hafa starfsleyfi
samkvæmt lögum þessum einn fulltrúa og kauphallir sem hlotið hafa starfsleyfi samkvæmt
lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða einn fulltrúa. Seðlabanki Íslands
fer með formennsku í nefndinni. Hlutverk samráðsnefndar er að fjalla um samskipti verð-
bréfamiðstöðva, kauphalla og Seðlabankans í tengslum við frágang viðskipta.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.